

# **Kaupfélag Suðurnesja svf.**

Ársreikningur  
2023

Kaupfélag Suðurnesja svf.  
Krossmóa 4a  
260 Reykjanesbæ  
kt. 680169-1019

# Kaupfélag Suðurnesja svf.

## Ársreikningur 2023

### **Efnisyfirlit**

Áritun óháðs endurskoðanda	2-3
Skýrsla stjórnar	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-14

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til stjórnar og félagsmanna í Kaupfélagi Suðurnesja svf.

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Kaupfélags Suðurnesja svf. fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2023, efnahag þess 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Kaupfélagi Suðurnesja svf. í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn er einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins er stjórn ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Kaupfélags Suðurnesja svf. Ef við á, skal stjórn setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

## Áritun óháðs endurskoðanda

- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Reykjanesbæ, 15. mars 2024.

### **Deloitte ehf.**

Kristján Þór Ragnarsson  
endurskoðandi

Heiðar Þór Karlsson  
endurskoðandi

Samstæðuársreikningur Kaupfélags Suðurnesja svf. fyrir árið 2023 er rafrænt undirritaður af endurskoðendum.

# Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Kaupfélags Suðurnesja svf. fyrir árið 2023 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Kaupfélag Suðurnesja er samvinnufélag. Starfsemi félagsins felst í eignarhaldi á dótturfélögum og öðrum félögum. Félagssvæði Kaupfélags Suðurnesja er Suðurnes, Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes og Reykjavík.

Ársreikningur þessi innifelur reikningsskil Kaupfélags Suðurnesja svf. (Kaupfélagið) sem móðurfélags. Auk ársreiknings þessa er gerður samstæðureikningur móðurfélagsins og dótturfélaga. Í skýringu 7 er gerð grein fyrir dótturfélögum og starfsemi þeirra.

## Starfsemin á árinu

Hagnaður (tap) félagsins á árinu samkvæmt rekstrarreikningi nam.....	(73.557.871)
Eignir félagsins í árslok samkvæmt efnahagsreikningi námu.....	6.024.703.406
Bókfært eigið fé í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam.....	5.151.280.319
Eiginfjárlutfall félagsins í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam.....	85,5%
Fjöldi ársverka á árinu nam.....	0,5

Starfsemi Kaupfélagsins hefur verið sinnt í hlutastarfi auk þess sem stjórnarformaður sinnir starfsskyldum kaupfélagsstjóra. Laun og annar kostnaður vegna starfsmanna og stjórnar Kaupfélagsins námu 14,4 milljónum króna á árinu, samanborið við 12,6 milljónum króna á árinu 2022.

## Óvissuþættir í rekstri og áhrif ytra umhverfis

Helsta fjárhagslega áhætta félagsins, og þar með samstæðunnar, er útlánaáhætta tengd viðskiptakröfum og lausafjárahætta. Daglega fylgjast stjórnendur samstæðunnar með þróun á gengi gjaldmiðla og bregðast við miðað við aðstæður hverju sinni. Útlánatöp eru takmörkuð með virkri eftirfylgni við innheimtu og sérstökum innheimturreglum. Markaðsáhætta samstæðunnar vegna fjármálagerninga er óveruleg. Lausafjárahætta er lágörkuð með daglegri sjóðstýringu og samningum um greiðslufresti. Í samstæðureikningi er gerð nánari grein fyrir fjárhagslegri áhættustýringu.

## Félagsmenn

Félagsmenn Kaupfélagsins voru 7.133 í árslok í sjö félagsdeildum en í upphafi árs voru þeir 7.190. Í samræmi við ákvæði laga um samvinnufélög hafa allir félagsmenn jafnan atkvæðisrétt og önnur réttindi, þar sem stofnsjóður er eingöngu í A-deild.

## Tillaga til aðalfundar

Stjórn félagsins leggur til að tap ársins verði yfirfært til næsta árs, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins.

## Yfirlýsing stjórnar

Að áliti stjórnar Kaupfélags Suðurnesja svf. koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn Kaupfélags Suðurnesja svf. staðfestir hér með ársreikning félagsins með undirritun sinni.

Reykjanesbæ, 15. mars 2024.

## Í stjórn

Sigurbjörn Gunnarsson  
Formaður stjórnar

Eysteinn Eyjólfsson

Guðbjörg Ingimundardóttir

Inga Brynja Magnúsdóttir

Garðar Newman

Samstæðuársreikningur Kaupfélags Suðurnesja svf. fyrir árið 2023 er rafrænt undirritaður af stjórn.

## Rekstrarreikningur ársins 2023

	Skýr.	2023	2022
Laun og annar starfsmannakostnaður .....	4	(14.441.364)	(12.590.115)
Annar rekstrarkostnaður .....		<u>(14.670.187)</u>	<u>(15.020.394)</u>
<b>Rekstrartap</b>		(29.111.551)	(27.610.509)
Fjármunatekjur .....		2.985.062	1.627.553
Fjármagnsgjöld .....		<u>(100.858.719)</u>	<u>(124.780.077)</u>
	5	(97.873.657)	(123.152.524)
Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarféлага .....	7	<u>53.427.337</u>	<u>(180.360.637)</u>
<b>Tap ársins</b>		<u><u>(73.557.871)</u></u>	<u><u>(331.123.670)</u></u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2023

<b>Eignir</b>	<b>Skýr.</b>	<b>31.12.2023</b>	<b>31.12.2022</b>
<b>Fastafjármunir</b>			
Eignarhlutar í dóttur- og hlutdeildarfélögum .....	7	5.973.470.591	4.425.476.121
Eignahlutir í öðrum félögum .....		8.985.289	8.985.289
		<u>5.982.455.880</u>	<u>4.434.461.410</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Kröfur á tengd félög .....	11	0	162.782
Aðrar skammtímakröfur .....		656.714	358.060
Handbært fé .....		41.590.812	35.124.784
		<u>42.247.526</u>	<u>35.645.626</u>
<b>Eignir</b>		<u>6.024.703.406</u>	<u>4.470.107.036</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Stofnfé félagsmanna .....	8	58.399.297	60.974.102
Lögbundinn varasjóður .....		16.366.048	16.366.048
Endurmatsreikningur rekstrarfjármuna .....		3.872.591.337	2.266.962.308
Bundin hlutdeildarreikningur .....		12.975.741	60.213.852
Óráðstafað eigið fé .....		1.190.947.896	1.201.409.552
<b>Eigið fé</b>		<u>5.151.280.319</u>	<u>3.605.925.862</u>
<b>Langtímaskuldir og skuldbindingar</b>			
Skuldir við lánastofnanir .....	9	784.262.072	780.015.380
		<u>784.262.072</u>	<u>780.015.380</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir .....		0	1.710.006
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	9	58.193.477	53.880.360
Skuldir við tengd félög .....	11	2.727.952	2.727.952
Aðrar skammtímaskuldir .....		28.239.586	25.847.476
		<u>89.161.015</u>	<u>84.165.794</u>
Skuldir		<u>873.423.087</u>	<u>864.181.174</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u>6.024.703.406</u>	<u>4.470.107.036</u>

## Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2023

	Skýr.	2023	2022
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Rekstrartap .....		(29.111.551)	(27.610.509)
Veltufé til rekstrar án vaxta og skatta		(29.111.551)	(27.610.509)
Aðrar rekstrartengdar eignir (hækkun), lækkun .....		(298.654)	29.500.272
Rekstrartengdar skuldir (lækkun), hækkun .....		(922.992)	315.831
Handbært fé (til), frá rekstri án vaxta og skatta		(30.333.197)	2.205.594
Innborgaðir vextir og arður .....		2.985.061	1.627.553
Greiddir vextir .....		(34.125.437)	(34.697.012)
<b>Handbært fé til rekstrar</b>		<b>(61.473.573)</b>	<b>(30.863.865)</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Arður frá dótturfélögum .....		126.920.000	473.501.705
Keyptir/seldir eignarhlutar í dótturfélögum .....		0	(26.400.000)
Lækkun á kröfum á tengd félög .....		162.782	1.700
		<b>127.082.782</b>	<b>447.103.405</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Afborganir langtímaskulda .....		(56.568.376)	(180.248.431)
Breytingar á stofnfé .....	8	(2.574.805)	2.156.293
Lækkun á skuldum við tengd félög .....		0	(270.000.000)
		<b>(59.143.181)</b>	<b>(448.092.138)</b>
Hækkun, (lækkun) handbærs fjár .....		6.466.028	(31.852.598)
Handbært fé í upphafi árs .....		35.124.784	66.977.382
Handbært fé í lok árs .....		<b>41.590.812</b>	<b>35.124.784</b>



# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Kaupfélag Suðurnesja svf. er samvinnufélag og starfar á grundvelli laga nr. 22/1991 um samvinnufélög.

Kaupfélag Suðurnesja svf. er með heimilisfesti á Íslandi og er lögheimili félagsins að Krossmóa 4a, 260 Reykjanesbæ.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

## 3. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

## 4. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2023	2022
Laun og annar starfsmannakostnaður .....	14.441.364	12.590.115
Meðalfjöldi stöðugilda .....	0,5	0,5

## 5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:	2023	2022
Vaxtatekjur af bankainnstæðum .....	2.985.062	1.627.553
	2.985.062	1.627.553
Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum .....	(100.858.084)	(109.930.364)
Niðurfærsla hlutabréfa .....	0	(10.000.000)
Dráttarvaxtagjöld .....	(635)	(1.152)
Önnur vaxtagjöld .....	0	(4.848.561)
	(100.858.719)	(124.780.077)

# Skýringar

## 6. Tekjuskattur

Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts á árinu 2024 þar sem tekjuskattsstofn félagsins er neikvæður.

Virkur tekjuskattur greinist þannig:	2023		2022	
	Fjárhæð	%	Fjárhæð	%
Tap fyrir skatta .....	(73.557.871)		(331.123.670)	
Skatthlutfall .....	14.711.574	20,0%	66.224.734	20,0%
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélags .....	10.685.467	(14,5%)	(36.072.127)	10,9%
Aðrir liðir .....	(140.620)	0,2%	(314.310)	0,1%
Ófærð tekjuskattsinnæign .....	(25.256.422)	34,3%	(29.838.296)	9,0%
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikn. ....	0	0,0%	0	0,0%

## 7. Eignarhlutar í dóttur- og hlutdeildarfélögum

	Eignarhlutur	Meginstarfsemi
<b>Eignarhlutar í dótturfélögum:</b>		
Samkaup hf., Krossmóa 4a, Reykjanesbær .....	51,30%	Verslunarrekstur
KSK eignir ehf., Krossmóa 4a, Reykjanesbær .....	100,00%	Leiga og rekstur fasteigna
Fagurey ehf., Krossmóa 4a, Reykjanesbær .....	100,00%	Eignarhaldsfélag

<b>Eignarhlutar í dótturfélögum:</b>	Samkaup hf.	KSK eignir ehf.	Fagurey ehf.	Samtals
Bókfært verð eignarhlutar í upphafi árs .....	1.706.499.893	2.715.279.536	3.696.692	4.425.476.121
Greiddur arður til móðurfélags .....	(76.920.000)	(50.000.000)	0	(126.920.000)
Áhrif dótturfélaga .....	64.847.889	(11.150.251)	(270.301)	53.427.337
Endurmat fasteigna .....	0	1.621.487.133	0	1.621.487.133
	<u>1.694.427.782</u>	<u>4.275.616.418</u>	<u>3.426.391</u>	<u>5.973.470.591</u>

Breyting eignarhluta í dóttur- og hlutdeildarfélögum greinist þannig:	2023	2022
Staða í ársbyrjun .....	4.425.476.121	4.732.799.721
Keypt á árinu .....	0	26.400.000
Endurmat fastafjármuna .....	1.621.487.133	320.138.742
Greiddur arður .....	(126.920.000)	(473.501.705)
Hlutdeild í afkomu .....	53.427.337	(180.360.637)
Staða í árslok .....	<u>5.973.470.591</u>	<u>4.425.476.121</u>

Afkomuhlutdeild miðast við afkomu dótturfélaganna að teknu tilliti til leiðréttingar m.a. vegna afskrifta yfirverðs eignarhluta og aðlögunar vegna alþjóðlegra reikningsskilastaðla að íslenskum ársreikningarlögum.

# Skýringar

## 8. Eigið fé

Hlutfé greinist þannig:

	Hlutfir	Hlutfall	Fjárhæð
Stofnsjóður félagsmanna .....	58.399.297	100%	58.399.297
	<u>58.399.297</u>	<u>100%</u>	<u>58.399.297</u>

Eigið fé greinist þannig:

	Stofnsjóður félagsmanna	Annað bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1.1.2022 .....	58.817.809	2.422.067.257	1.133.869.431	3.614.754.497
Breytingar á stofnfé .....	2.156.293	0	0	2.156.293
Endurmat fastafjármuna .....	0	320.138.742	0	320.138.742
Afskrift af endurmati .....	0	(46.895.948)	46.895.948	0
Fært á bundið eigið fé .....	0	(351.767.843)	351.767.843	0
Tap ársins .....	0	0	(331.123.670)	(331.123.670)
Eigið fé 1.1.2023 .....	60.974.102	2.343.542.208	1.201.409.552	3.605.925.862
Breytingar á stofnfé .....	(2.574.805)	0	0	(2.574.805)
Endurmat fastafjármuna .....	0	1.621.487.133	0	1.621.487.133
Afskrift af endurmati .....	0	(43.279.258)	43.279.258	0
Leiðrétt afskrift endurmats fyrri ára .....	0	27.421.154	(27.421.154)	0
Fært á bundið eigið fé .....	0	(47.238.111)	47.238.111	0
Greiddur arður .....	0	0	0	0
Tap ársins .....	0	0	(73.557.871)	(73.557.871)
Eigið fé 31.12.2023 .....	<u>58.399.297</u>	<u>3.901.933.126</u>	<u>1.190.947.896</u>	<u>5.151.280.319</u>

Bundið eigið fé samanstendur af lögbundnum varasjóði (16,4 milljónir króna), endurmati fastafjármuna (3,9 milljarðar króna) og hlutdeildatekjum umfram mótteknar arðgreiðslur (13 milljónir króna) í samræmi við 5. mgr. 41. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga.

## 9. Langtímaskuldir

	Skuldir við lánastofnanir	
	31.12.2023	31.12.2022
Skuldir í íslenskum krónum .....	842.455.549	833.895.740
Næsta árs afborg. langtímask. ....	842.455.549	833.895.740
	(58.193.477)	(53.880.360)
Langtímaskuldir í árslok .....	<u>784.262.072</u>	<u>780.015.380</u>

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

	Skuldir við lánastofnanir	
	31.12.2023	31.12.2022
Næsta árs afborganir .....	58.193.477	53.880.360
Afborganir 2025/2024 .....	58.193.477	53.880.360
Afborganir 2026/2025 .....	58.193.477	53.880.360
Afborganir 2027/2026 .....	58.193.477	53.880.360
Afborganir 2028/2027 .....	58.193.477	53.880.360
Afborganir síðar .....	551.488.164	564.493.940
	<u>842.455.549</u>	<u>833.895.740</u>

# Skýringar

## 10. Tekjuskattseign/(-skuldbinding)

	Inneign / (skuldbinding)	
	2023	2022
Staða í ársbyrjun .....	(268.946.365)	(298.853.600)
Áhrif taps sem nýttist ekki .....	23.043.411	59.745.531
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins .....	(25.256.422)	(29.838.296)
Staða í árslok .....	(271.159.376)	(268.946.365)

Þar sem óvissa ríkir um nýtingu á yfirfæranlegu skattalegu tapi er tekjuskattseign ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

Tekjuskattseign/(-skuldbinding) greinast þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

	31.12.2023	31.12.2022
Áhrif af yfirfæranlegu skattalegu tapi .....	(271.159.376)	(268.946.365)
	(271.159.376)	(268.946.365)

Yfirfæranlegt skattalegt tap nýttist til frádráttar skattalegum hagnaði í síðasta lagi sem hér segir:

	31.12.2023	31.12.2022
Frá hagnaði ársins 2024 / 2023 .....	182.739.633	115.217.054
Frá hagnaði ársins 2025 / 2024 .....	105.793.254	182.739.633
Frá hagnaði ársins 2026 / 2025 .....	176.264.902	105.793.254
Frá hagnaði ársins 2027 / 2026 .....	97.486.210	176.264.902
Frá hagnaði ársins 2028 / 2027 .....	136.652.477	97.486.210
Frá hagnaði ársins 2029 / 2028 .....	122.863.401	136.652.477
Frá hagnaði ársins 2030 / 2029 .....	129.212.914	122.863.401
Frá hagnaði ársins 2031 / 2030 .....	129.310.500	129.212.914
Frá hagnaði ársins 2032 / 2031 .....	149.191.481	129.310.500
Frá hagnaði ársins 2033 / 2032 .....	126.282.110	149.191.481
	1.355.796.882	1.344.731.826

## 11. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélag og samrekstrarfélag. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Viðskipti við tengd félög árið 2023:	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur	Kröfur	Skuldir
Fagurey ehf., dótturfélag .....	0	0	0	2.727.952
	0	0	0	2.727.952
Viðskipti við tengd félög árið 2022:	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur	Kröfur	Skuldir
Fagurey ehf., dótturfélag .....	0	0	0	2.727.952
KSK eignir ehf., dótturfélag .....	0	0	162.782	0
	0	0	162.782	2.727.952

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og ef um ótengda aðila væri að ræða.

# Skýringar

## 12. Reikningsskilaaðferðir

### Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

### Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar yfirráð yfir seldri vöru flytjast yfir til kaupanda, sem er almennt við afhendingu vöru. Þjónustutekjur eru eftir atvikum færðar á þeim tímapunkti þegar þjónustan hefur verið innt af hendi, eða samhliða því sem þjónustan er veitt. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttá. Tekjur, sem innheimtar hafa verið á reikningsárinu en varða síðari reikningsár, eru færðar til skuldar í efnahagsreikningi sem fyrirframinnheimtar tekjur. Tekjur, sem varða reikningsárið en innheimtast eftir lok þess, eru færðar til eignar í efnahagsreikningi.

### Skráning gjalda

Gjöld sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar sem áfallinn kostnaður í efnahagsreikningi.

### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Fjármagnsgjöld eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til. Lántökukostnaður er eignfærður og afskrifaður línulega yfir líftíma lánsins.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning. Peningalegar eignir og skuldir í erlendri mynt eru umreiknaðar miðað við gengi myntar árslok og er áfallinn gengismunur færður í rekstrarreikning á meðal fjármagnsliða.

### Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattsstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

Tekjuskattseign er metin á reikningsskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

## 12. Reikningsskilaaðferðir frh.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru annað hvort færðir samkvæmt kostnaðarverðsaðferð eða endurmatsaðferð. Samkvæmt kostnaðarverðsaðferðinni eru varanlegir rekstrarfjármunir færðir á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eignunum í tekjuhæft ástand. Samkvæmt endurmatsaðferðinni er notast við gangvirði á þeim degi sem varanlegir rekstrarfjármunir eru endurmetnir að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun.

Verðmatsþækkningar vegna endurmats eru færðar á endurmatsreikning meðal eigin fjár að frádregnum tekjuskattsáhrifum. Við sölu, afskriftir eða niðurlagningu eignar er sá hluti endurmatsreikningsins sem tilheyrir þeirri eign færður á óráðstafað eigið fé.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru afskrifaðir línulega á áætluðum nýtingartíma þeirra, að teknu tilliti til vænts hrakvirðis.

Eignir þar sem eignarréttur er bundinn öðrum samkvæmt samningi um fjármögnunarleigu eru afskrifaðar á áætluðum nýtingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söliverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi, og er færður í rekstrarreikning við sölu.

### Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru einungis eignfærðar þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnaðarverð eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Meðal óefnislegra eigna eru eignir vegna viðskiptasamninga, einkaleyfa, hugbúnaðar og þróunarkostnaðar. Eignir þessar eru afskrifaðar með kerfisbundnum hætti á áætluðum nýtingartíma viðkomandi eigna og eru reiknaðar afskriftir hvers tímabils færðar í rekstrarreikning. Val á afskriftaraðferð skal miðast við notkun á viðkomandi eign á nýtingartíma hennar. Ef þessar eignir hafa ekki ákveðinn nýtingartíma er þó heimilt að meta þær árlega í samræmi við settar reikningasskilareglur og skulu þær sæta árlegu virðisrýrnunarprófi eða oftast ef vísbendingar um virðisrýrnun hafa komið fram. Þróunarkostnaður er afskrifaður á 10 árum ef ekki er hægt að skilgreina nýtingartíma hans.

### Eignarhlutar í dótturfélögum

Dótturfélög eru félög þar sem móðurfélagið fer með yferráð. Yferráð grundvallast af því hvort fjárfestir; hefur ákvörðunarvald yfir fjárfestingunni, ber áhættu eða hefur réttinn til að njóta breytilegs ávinnings vegna þátttöku í fjárfestingunni, og getur með ákvörðunarvaldi haft áhrif á ávinning sinn af fjárfestingunni. Eignarhlutar í dótturfélögum eru færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð og því færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og annarra breytinga á eigin fé, og virðisrýrnunar einstakra fjárfestinga. Tap dótturfélaga umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi félagið gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

### Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum

Til hlutdeildarfélaga teljast félög þar sem fjárfestir hefur veruleg áhrif á rekstrar- og fjármálastefnu. Félag er álitid hafa veruleg áhrif í öðru félagi ef það á 20% eða meira af atkvæðisrétti félagsaðila í því fyrirtæki, án þess að teljast hafa yferráð. Samkvæmt hlutdeildaraðferð eru eignarhlutar í hlutdeildarfélögum færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og annarra breytinga á eigin fé, og virðisrýrnunar einstakra fjárfestinga. Tap hlutdeildarfélaga umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi félagið gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

# Skýringar

## 12. Reikningsskilaaðferðir frh.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

### Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum afborgunum af höfuðstól og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Skuldbindingar vegna vöruábyrgða eru færðar á söludegi viðkomandi vara og metnar af stjórnendum m.t.t. áætlaðs fjárútsreymis sem ábyrgðirnar kunna að valda í framtíðinni.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallins kostnaðar.